

# Annáll Fljótsdalsvirkjunar

Virkjun Jökulsár í Fljótsdal hefur enn einu sinni verið á döfnni undanfarna mánuði. Hugmyndir og tillögur um virkjun Jökulsár og Bessastaðaár eiga nú að baki hálftrar aldar sögu, og rannsóknasaga þeirra er næstum jafn löng. Þessi saga er vörðuð tilviljunarkenndum atvikum og hrossakaupum, sannkölluð slysasaga og sígilt dæmi um pólitísk mistök, því að þarna eru meiri náttúruverðmæti í húfi en dæmi eru til við nokkra aðra virkjun á Íslandi. Viðhorfin hafa breyst mikið á þessum aldarhelmingi, og nú myndi líklega fáum detta í hug að stofna til hennar á sömu forsendum. Í eftirfarandi samantekt verður stiklað á stóru í sögu Fljótsdalsvirkjunar.

1946

Fyrsta hugmynd um „Gilsárvatnavirkjun“ Bessastaðaár kemur fram í skýrslu Sigurðar Thoroddsen og Höskuldar Baldvinssonar til Rafmagnsveitna ríkisins. Hún var síðar kölluð Bessastaðárvirkjun.

1954

Sigurður Thoroddsen setur fram tillögu um „Múlavirkjun“ Jökulsár í Fljótsdal, með stíflu við Eyjabakkafoss og Eyjabakkalóni þar fyrir ofan. Þaðan skyldi veita ánni út á Múla og virkja hana niður hjá Amaldsstöðum.

1969

Fram kemur tillaga á Orkustofnun um að veita Jökulsá úr Eyjabakkalóni út á Fljótsdalsheiði, í Gilsárvatnalón, og virkja með Bessastaðaá og fleiri ám niður hjá Hóli eða Valþjófsstað. Það var nefnt „Hólsvirkjun“ eða Fljótsdalsvirkjun. Um sama leyti voru kynntar hugmyndir um samveitu allra jökulsáanna á NA-hálendinu, og virkjun þeirra austur í Fljótsdal í risaorkuveri, um 1500 MW og um 10.000 GWst á ári, sem nefnt var Austurlandsvirkjun.

1973

Eyjabakkar og Snæfell skráð sem friðland á náttúruminjaskrá NAUST, og stungið upp á því sem þjóðgarði.

1974

**31. desember:** Sett lög um Bessastaðárvirkjun, þar sem ríkisstjórninni er heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflsstöð við Bessastaðaá, með allt að 32 MW afli, og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinna til að tryggja rekstur hennar.

1975

Hafnar umhverfisrannsóknir vegna Bessastaðaár- og Fljótsdalsvirkjana, í umsjá Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað (Hjörleifs Guttormssonar). Bílvegur lagður upp á Fljótsdalsheiði frá Bessastöðum inn á Grenisölu við Gilsárvötn, og reistar vinnubúðir þar.

1976


Hönnunaráætlun Bessastaðárvirkjunar fullbúin í mars. Gert er ráð fyrir tveimur allstórum lónum á heiðinni: Gilsárlóni og Hólmalóni, og aðveitum frá Eyvindará og Hólná, með smærri lónum. „Skýrsla um umhverfiskönnun á svæði Bessastaðárvirkjunar 1975“ eftir Hjörleif Guttormssonar tilbúin í janúar (var ekki gefin út).

1977

Skýrsla Hjörleifs Guttormssonar og Gísla Más Gíslasonar: „Eyjabakkar. Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi“, kemur út hjá Orkustofnun.



Skopteikning úr Morgunblaðinu  
11. apríl 1984.



Hér hefur fyrirhugað Eyjabakkalón verið sett inn á ljósmynd af svæðinu. Séd af Eyjabakkajökli til norðurs. Eyjafell og ruðningshólar jökulsins mynda eyjar í lóninu. (Úr Morgunblaðinu 27. september 1998).

### 1978

Eyjabakkasvæðið tekið á Náttúru-minjaskrá og Votlendisskrá Náttúruverndarráðs.

### 1979

**Í október:** Hjörleifur Guttormsson, iðnaðarráðherra, ákveður að ráðist skuli í framkvæmd Bessastaðaárvirkjunar. Í nóvember afturkallar Bragi Sigurjónsson, eftirmaður hans á ráðherrastóli, þessa ákvörðun.

### 1980

Lokið við lagningu háspennulínu frá Kröflu í Hryggstekk í Skriðdal, og raforkuverfi Austurlands þannig samtengt raforkuverfi landsins. Eftir það er Bessastaðaárvirkjun ekki talin hagstæður virkjunarkostur, en aukin áhersla lögð á undirbúning Fljótsdalsvirkjunar.

RARIK gefur út bæklinginn „Kynning á Fljótsdalsvirkjun“, þar sem lýst er virkjunartilhögun. Þar er gert ráð fyrir 48 ferkm. lóni á Eyjabökkum, og 22 ferkm. Gilsarlóni. Ráðgert er að veita vatni austan af Hraunum í Eyjabakkalón, og hirða vatn úr ám og lækjum er frá Snæfelli falla, í „Eyjabakkaskurð“.

### 1981

Í mars gefur Orkustofnun út mikla skýrslu (270 bls.): „Náttúrufræðingurinn á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal“, sem unnin er af Náttúru-gripasafninu í Neskaupstað fyrir Orkustofnun og RARIK, undir ritstjórn Hjörleifs Guttormssonar. Þar kemur ótvíðrátt fram, að

Eyjabakkar eru meðal þeirra gróðurvinja á Miðhálandinu, sem hafa mest vermdargildi, og ganga næst Þjórsárverum hvað þetta varðar.

**31. mars:** Náttúruverndarráð gefur umsögn um Fljótsdalsvirkjun til RARIK. Þar segir m.a.

„Enda þótt mikill sjónarsviptir yrði að hinu víðfeðma gróðurlendi Eyjabakkasvæðisins, færi það undir vatn, og þrátt fyrir að forðast beri að eyða þannig grónu landi, sé þess nokkur kostur, þá vill Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti, ekki leggja gegn Fljótsdalsvirkjun, telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega.“

Sú afstaða mótast m.a. af því, að samkomulag hefur tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar, og samkvæmt niðurstöðum rannsóknna á báðum þessum svæðum, eru talin enn mikilvægari hálandisvin.“

[Þjórsárver voru friðlýst skv. náttúruverndarlögum 3. des. 1981].

**4. júní:** Alþingi samþykkir „Lög um raforkuver“ (nr. 60/1981), þar sem Landsvirkjun er heimilað að reisa og reka virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun), ásamt Blönduvirkjun og fleiri virkjunum sunnan- og norðanlands. Ofangreind virkjunartilhögun frá 1980 er lögð til grundvallar þessari heimild.

### 1982

**6. maí:** Alþingi samþykkir ályktun „um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu“, þar sem kveðið er á um að Blönduvirkjun hafi forgang, og Fljótsdalsvirkjun komi næst á eftir henni. Sama ár veitti Hjörleifur Guttormsson, sem þá var aftur orðinn iðnaðarráðherra, leyfi fyrir virkjun Blöndu og var þyrjað á framkvæmdum sama ár.

### 1990

Alþingi samþykkir breytingu á lögum nr. 60/1981, þar sem þingsályktun um virkjunaröð frá 1982 er felld úr gildi. Skal röðin nú ákvarðast af nýtingarmöguleikum orkunnar. Í ákvæði til bráðabirgða er þó gert ráð fyrir að Fljótsdalsvirkjun verði næst á dagskrá, ef samningar nást um nýtt álver á Keilisnesi.

Náttúruverndarþing 1990 samþykkir ályktun „Um eftirlit með Fljótsdalsvirkjun“, þar sem bent er á, að á virkjunarsvæðinu sé að finna „nokkrar af merkestu náttúruminjum þessa lands, svo sem Hólsbjarg, fossana í Jökulsá og Laugará, Eyjabakka og Snæfell.“ Bent er á nauðsyn þess að gera nákvæma náttúru-minjaskrá fyrir virkjunarsvæðið, og meta vermdargildi hinna einstöku staða og svæða. Á sama þingi er samþykkt tillaga um friðlýsingu Snæfells og Vesturöræfa, til að draga úr áhrifum virkjunarinnar. Vikublaðið Austri kynnir Jökulsárfossa í júlíblaði sínu í árslok.

### 1991

**7. febrúar:** Náttúruverndarráð ítrekar fyrri umsögn: „Það er skilningur Náttúruverndarráðs, að jákvæð umsögn ráðsins (bréf. dags. 31. mars 1981), varðandi eldri hugmyndir um virkjun, standi enn, þar með talin samþykki við því að leggja Eyjabakka undir vatn...“ Ráðið fagnar breytingum á hönnun virkjunar, og gerir athugasemdir við nokkrar aðveitur.

**24. apríl:** Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra gefur Landsvirkjun leyfi til að hefja framkvæmdir við allt að 210 MW

Fljótsdalsvirkjun, með tilheyrandi orkuveitum. Leyfið er bundið því skilyrði, að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála, er upp kunna að koma, vegna athugasemda við virkjunaráformin. Virkjunartilhögun var auglýst í Lögbirtingi 23. ágúst og 18. september.

Undirbúningsframkvæmdir voru hafnar sama ár, m.a. grafin um 100 m löng jarðgöng inn í Teigsfjall, og settar þar upp vinnubúðir, vegur lagður inn að Laugafelli o.fl.

Tilhögun virkjunar hafði nú verið breytt þannig, að í stað skurðar úr Eyjabakkalóni út Fljótsdalsheiði, var ákveðið að leiða vatnið í jarðgöngum, um 31 km, að virkjunarstaðnum í Teigsbjargi, fyrir innan Valþjófsstað. Tenging við Bessastaðaá var alveg rofin, og ekki gert ráð fyrir miðlunarlónum á heiðinni. Þá var hámarkshæð vatnsborðs í Eyjabakkalóni einnig lækkuð úr 667 m í 664,5 m y.s., og yrði lónið þá um 43 ferkm. Að öðru leyti var allt eins og í fyrri áætlunum, t.d. varðandi aðveitur af Hraunum og frá Snæfelli. Við þessar breytingar minnkaði uppsett afl virkjunarinnar úr 250 í 210 MW, og orkuframleiðsla að sama skapi.

Ýmsir náttúrufræðingar láta til sín heyra varðandi þessi virkjunaráform og rita um það í blöð. M.a. er bent á, að Snæfell verði umkringgt stíflum og skurðum í hálfhring að utanverðu, og stærsta hóp heiðagæsa í fjaðrafelli (um 10 þúsund gæsnum) yrði vísað á dyr.

### 1993

Fram kemur ný hugmynd um breytta tilhögun á virkjun Jökulsár í Fljótsdal, sem felst í því að veita henni í jarðgöngum í fyrirhugað miðlunarlón Jökulsár á Dal, svokallað Háslón, sem myndað yrði með stíflu við Fremri-Kárahnjúk, og virkja ámar sameiginlega, að líkindum austur í Fljótsdal. Til að koma þessu í kring þarf aðeins lítið inntakslón við Eyjabakkafoss, og Eyjabökkum yrði þyrmt. Á þessu eru þó ýmsir agnár. Fossar Jökulsár í Fljótsdal yrðu eftir sem áður ekki nema svipur hjá sjón, og sameiginleg virkjun ána yrði risastór, að ógleymsdu því gríðarlega raski sem virkjun Jöklu hefur í för með sér.

**30. okt.:** Náttúruverndarþing ályktar „að fela Náttúruverndarráði að taka til gagngerðrar endurskoðunar umsögn ráðs-

ins frá 1981, um áformaða virkjun Jökulsár í Fljótsdal, og endurmeta áhrif miðlunarlóns á Eyjabökkum.“ Í greinargerð segir m.a.:

„Miðlunarlón á Eyjabökkum mun valda meiri og alvarlegri umhverfisspjöllum en nokkrar aðrar orkuframkvæmdir hér á landi hingað til..... Því er lagt til..... að ákvörðun um Fljótsdalsvirkjun verði endurskoðuð frá grunni, og kannað verði í þaula, hvort hægt sé að virkja Jökulsá í Fljótsdal án þess að eyðileggja Eyjabakka...

### 1994

**1. maí:** „Lög um mat á umhverfisáhrifum“ mannvirkja, sem sett voru á Alþingi 8. maí 1993, með hliðsjón af reglum EES, ganga í gildi. Samkvæmt þeim eru vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira, eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 ferkm. lands fara undir vatn, háðar þessu mati. Þó er í lögum „ákvæði til bráðabirgða“, þar sem segir að „framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994“ séu ekki háðar mati samkvæmt þessum lögum, og má heimfæra það á Fljótsdalsvirkjun.

Aðalfundur NAUST ítrekar ályktun Náttúruverndarþings frá 1993, um „endurskoðun á útfærslu virkjunar Jökulsár í Fljótsdal“, og skorar á Náttúruverndarráð að endurmeta afstöðu sína.

### 1997

**Í maí:** „Samvinnunefnd um svæðisskipulag á Miðhálandi Íslands“, sendir frá sér skýrslu með tillögum um svæðisskipulag á Miðhálandinu til ársins 2015. Þar er tekið undir þá kröfu að tilhögun Fljótsdalsvirkjunar verði endurskoðuð „samkvæmt gildandi lögum“, og kannaðir möguleikar á samvirkjun Jökulsár í Fljótsdal með Jökulsá á Brú.

Náttúruverndarþing skorar á Umhverfisráðuneytið „að það sjái til þess að Fljótsdalsvirkjun fari í umhverfismat. Ólafur Örn Haraldsson, formaður umhverfisnefndar Alþingis, mælir með því að virkjunin fari í umhverfismat (10. nóv.).

### 1998

**Í maí:** Hjörleifur Guttormsson leggur fram tillögu á Alþingi, þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram lögformlegt

mat á Fljótsdalsvirkjun, „þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt“.

Sögulegur fundur í Valaskjálfi á Egilsstöðum (13. maí), þar sem ráðherrar og starfsmenn Landsvirkjunar fá „kaldar kveðjur“ frá heimafólki.

**11. júní:** Náttúruverndarráð sendir frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:

„Náttúruverndarráð skorar á umhverfisráðherra að beita sér fyrir lagasetningu, þar sem fellt verði úr gildi leyfi Landsvirkjunar til að virkja Jökulsá í Fljótsdal. Nýtt virkjanaleyfi verði háð mati á umhverfisáhrifum. Því er einnig beint til umhverfisráðherra, að hann beiti sér fyrir friðlýsingu Snæfells og Vesturöræfa og umhverfis, og tilnefni Eyjabakka sem Ramsar-svæði“

Í sjónvarpsviðtali sama dag lýsti Guðmundur Bjarnason umhverfisráðherra yfir þeim vilja sínum, að Fljótsdalsvirkjun undirgangist lögformlegt umhverfismat, og að hann muni kanna hvort Eyjabakkar falli undir alþjóðlegar reglur um verndun votlendis.

Fjölmarginir aðilar aðrir hafa tekið í sama streng í ræðu og riti, m.a. ritstjórar helstu dagblaða landsins, ýmsir alþingismenn og aðrir forustumenn í þjóðfélaginu. Finnur Ingólfsson iðnaðarráðherra hefur látið svo um mælt, að hann sé hlynntur því að matið fari fram, en telur jafnframt að það muni ekki breyta fengnu virkjunarleyfi Landsvirkjunar. Ljóst þykir að hann geti afturkallað þetta leyfi, sem veitt var af fyrirrennara hans 1991.

Landsvirkjun hefur unnið að frummati, samkvæmt þeim rannsóknum sem þegar hafa farið fram á virkjunarsvæðinu, og er skýrsla um það væntanleg í árslok. Á grundvelli hennar segist stjórn fyrirtækisins ætla að ákveða hvort ástæða sé til að framkvæma lögformlegt umhverfismat á núgildandi tilhögun Fljótsdalsvirkjunar.

*Þetta er útdráttur úr samantekt Helga Hallgrímssonar á „Sögu Fljótsdalsvirkjunar“, sem birtist í heild í Lesbók Morgunblaðsins 24. okt. 1998. -*


*Steinunn Ásmundsdóttir.*

17-18

# Glettingur

TÍMARIT UM AUSTFIRSK MÁLEFNI

8. árg. 2.-3. tbl. 1998



*Snaefellsblad*